

Sveitarfélagið Hornafjörður
Brynja Dögg Ingólfssdóttir
Hafnarbraut 27
780 Höfn

Reykjavík, 30. ágúst 2021
UST202108-107/A.Þ.
10.04.02

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 – Hnappavellir

Vísað er til erindis umhverfis- og skipulagsstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 11. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að breyta fjárhúsi og hlöðu í húsnaði fyrir ferðaþjónustu, m.a. veitingasölu, gistingu og tjaldsvæði. Landnotkun verður breytt úr landbúnaðarsvæði í verslunar- og þjónustusvæði.

Tjaldsvæði

Umhverfisstofnun bendir á að varanleg tjaldsvæði og hjólhýsasvæði allt að 10 ha falla undir lið 12.07 í viðauka 1 í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og eru í flokki C og því mikilvægt að mati Umhverfisstofnunar að það komi fram í tillögunni ákvörðun sveitarfélagsins um hvort framkvæmdin sé háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun bendir á reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti en skv. fylgiskjali 2 segir „Á tjald- og hjólhýsasvæðum skal fjöldi salerna að lágmarki vera eftirfarandi: Fyrir 25 gesti skal vera ein fullbúin snyrting þar sem tekið er tillit til þarfa fatlaðs fólks. Fyrir 26-100 gesti skulu vera tvö salerni og tekið tillit til þarfa fatlaðs fólks a.m.k. varðandi annað salernið. Fyrir hverja 50 gesti umfram 100 skal vera eitt salerni. Þvagstæði geta komið að 1/3 hluta fyrir salerni karla. Fjöldi handlauga skal vera í samræmi við fjölda salerna.“

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Axel Benediktsson
sérfræðingur